

Mikið metár skemmtiferðaskipa framundan

Upplýsinga aflað hjá stærstu höfnum skemmtiferðaskipa

Ferðamálastofa hefur aflað upplýsinga um umferð skemmtiferðaskipa, áætlaðar tekjur og gjöld af þeim hjá sex höfnum landsins, sem stærstar hafa verið í slíkum viðskiptum. Þær tóku á móti um 92% heildarfjölda farþega slíkra skipa síðasta árið fyrir Covid, 2019. Í töflu 1 að neðan má sjá hvaða hafnir þetta eru og hver hlutdeild hvernir hafnar af heildarfjölda skráðra farþega með skemmtiferðaskipum sem komu í höfn hér á landi árið 2019 var.

Tafla 1 - Stærstu hafnir landsins í móttöku skemmtiferðaskipa (2019) og hlutdeild þeirra í heildarfjölda farþega slíkra skipa


Höfn	Hlutfall farþega
Faxaflóahafnir	31%
Akureyri, Grímsey, Hrísey	27%
Ísafjörður	19%
Seyðisfjörður	8%
Grundarfjörður	3%
Vestmannaeyjar	3%

Helming aukning í skipakomum milli ára og allt að 80% fjölgun farþega

Í ljós kemur að samkvæmt bókunum hjá þessum höfnum fyrir þetta ár, 2023, má gera ráð fyrir um helmingi fleiri komum skemmtiferðaskipa í íslenskar hafnir en var í fyrra, sjá mynd 1 að neðan, en skipakomur voru svipaðar 2019 og í fyrra. Hvað fjölda farþega þessara skipa snertir má gera ráð fyrir að þeir verði allt að 80% fleiri á þessu ári en í fyrra, sjá mynd 2 að neðan, en lægra bókunarhlutfall farþega var hjá skipunum í fyrra en í venjulegu ári.


Að ofansögðu er ekki ofmælt að stefni í afgerandi metár í þessari grein ferðabjónustu á þessu ári að óbreyttu. Talsvert hefur verið rætt um meinta kosti og galla hennar fyrir þjóðarþúið, umhverfið o.fl. á síðustu vikum, sem og þörf fyrir skýra stefnumörkun stjórnvalda fyrir greinina. Í þessari greiningu er leitast við að upplýsa sem best um þróunina í greininni síðustu árin og á þessu ári og hvernig stærstu hafnir/sveitarfélög landsins í þessu efni upplifna þessi viðskipti sjálf.

Mynd 1 - Komur skemmtiferðaskipa til sex stærstu hafna landsins (fjöldi skipa pr. höfn og heildarfjöldi 2017-19 og 2022-23 áætlun)



Download data

Mynd 2 - Fjöldi skráðra farþega til sex stærstu hafna landsins (þúsundir, 2017-19 og 2022-23 áætlun)



Download data


Gríðarmikill vöxtur undanfarin ár

Greinileg vaxtarleitni hefur verið í umferð skemmtiferðaskipa hér við land á síðustu árum, þótt Covid-faraldurinn hafi auðvitað þýtt tímabundna niðursveiflu. Árið 2020 féllu komur skemmtiferðaskipa nánast alveg niður en árið 2021 hjarnaði nokkuð yfir þessum geira ferðabjónustunnar. Bæði árin voru þó langt undir umferð skemmtiferðaskipa í venjulegu árferði og segja lítið um stöðu og horfur í þessum geira hér á landi í dag. Eru þau því ekki tekin með í samanburði síðustu ára í þessari greiningu.


Eftirfarandi vaxtartölur í mynd 3 varpa ágætu ljósi á þann mikla vöxt sem verið hefur í þessari grein frá árinu 2017, m.v. áætlanir hafnanna fyrir þetta ár. Skemmtiferðaskip bóka komur sínar almennt með mjög löngum fyrirvara svo tölur fyrir þetta ár eiga að vera býsna traustar.

Skv. gögnunum að baki mynd 3 vaxa tekjur hafnanna á þessu sex ára bili hlutfallslega nákvæmlega jafnmikið og heildarstærð þeirra skemmtiferðaskipa sem í höfn koma í tonnum (191%), en skipakomum (103%) og skráðum komufarþegum (115%) fjölga ekki eins mikið. Meðalstærð skemmtiferðaskipa sem hingað koma hefur einnig verið að aukast, einkum á árunum 2022-23 í samanburði við árin fyrir Covid. Meðalstærð skipa, að Vestmanneyjum undanskildum, var um 35 þúsund tonn en er um 44 þúsund tonn 2022-23 eða um fjórðungi meiri.

Mynd 3 - Hlutfallsvöxtur nokkurra grunnþátta í viðskiptum sex stærstu hafna landsins við skemmtiferðaskip 2017-2023 (áætlun)



Mynd 4 - Árið 2023 er áætlað að farþegar skemmtiferðaskipa verði u.þ.b. 13% erlendra ferðamanna á Íslandi



Í töflu 2 að neðan getur að líta áætlaðan fjölda skemmtiferðaskipa, farþega þeirra og heildarstærð í brúttótonnum fyrir hverja höfn í úrtaki Ferðamálastofu á þessu ári. Hlutfallsbreytingu þessara stærða frá árinu 2019 má sjá í sviga til hægri við hverja stærð.

Tafla 2 - Komur, farþegafjöldi og meðalstærð skipa (í þús. tonna) hjá sex stærstu höfnum árið 2023 (áætlun)


Höfn	Skipakomur (23/19)	Farþegar (23/19)	BRT p.skip (23/19)
Faxaflóahafnir	277 (46%)	300.654 (59%)	50 (31%)
Akureyri, Grímsey, Hrísey	269 (39%)	250.000 (39%)	47 (37%)
Ísafjörður	210 (67%)	125.000 (28%)	37 (-13%)
Seyðisfjörður	115 (69%)	70.000 (73%)	41 (66%)
Grundarfjörður	67 (29%)	40.000 (135%)	44 (192%)
Vestmannaeyjar	88 (80%)	26.422 (80%)	23

Tekjuþróun sex stærstu hafna

Tekjur sex stærstu hafnanna á árunum 2017-19 og 2022-23 má sjá á mynd 5 hér að neðan. Um er að ræða eigið mat viðkomandi hafna eða sveitarfélaga þeirra á beinum tekjum af þjónustu við skemmtiferðaskip á þessum árum, sem þau sendu Ferðamálastofu í haust. Engar óbeinar tekjur eða tekjur annarra aðila innanlands eru inni í þessum tölum, s.s. tekjur veitingastaða, ferðabjónustufyrirtækja ofl. Vegna trúnaðar við einstök sveitarfélög er hér aðeins birt samtala tekna þeirra af þessari þjónustu en færa má rök fyrir að hún skipti mun meira máli en tekjur stakra hafna.

Áætlaður tekjuvöxtur milli árunna 2022 og 2023 er 42% en milli árunna 2017 og 2023 191%, eins og áður hefur komið fram. Það samsvarar 19,5% árlegum meðalvexti þessi sex ár.


Mynd 5 - Tekjuþróun og -breyting sex stærstu hafna landsins af þjónustu við skemmtiferðaskip 2017-19 og 2022-23 (áætlun)



Tekjuþróun á skip og farþega

Á mynd 6 að neðan má sjá þróun tekna hjá umræddum höfnum af þjónustu við skemmtiferðaskip, eins og hafnirnar sjálfar meta þær, deilt niður á hvert skip og farþega. Myndin sýnir m.a. að tekjur hafnanna í ár og í fyrra af hverri skipakomu liggja að meðaltali á bilinu 2,3 - 2,5 m.kr. Á hvern farþega liggja þær á bilinu 2,9 - 3,7 þ.kr. Hér er rétt að ítreka að þetta er aðeins mat á beinum tekjum hafnanna/sveitarfélaga af þjónustu við skemmtiferðaskipin. Engin kaup skipanna og farþega þeirra á vörum og þjónustu af öðrum aðilum hér á landi eða óbeinar tekjur nokkurra aðila af þeim eru inni í þessum tölum.

Mynd 6 - Tekjuþróun sex stærstu hafna landsins af þjónustu við skemmtiferðaskip 2017-19 og 2022-23 (áætlun), í m.kr.



Ánægja hjá höfnunum með viðskiptin

Þeir hafnarstjórar og aðrir fulltrúar sveitarfélaganna sem Ferðamálastofa ræddi við eru jafnan ánægðir með þau viðskipti sem skemmtiferðaskipin færa. Vilja þeir fremur fá fleiri skemmtiferðaskip í höfn en færri. Almennt telja þeir viðbótarkostnað við þjónustu við skipin takmarkaðan en tekjurnar af þeim umtalsverðar. Þá bæti þessi viðskipti umtalsvert nýtingu þeirrar miklu fjárfestingar sem liggur í höfnunum. Sumar hafnir þurfa þó einnig að fjárfesta nokkuð stórt til að geta sinnt þessari þjónustu, t.d. í flotbyggjum til að taka á móti farþegunum.

Farþegaskipti aukast mikið hjá stærstu höfn landsins

Á síðustu árum hefur færst mjög í vöxt hjá Faxaflóahöfnum að farþegaskipti í skemmtiferðaskipum eigi sér stað í Reykjavík. Farþegar fara þá ymist frá borði í Reykjavík og fljúga utan um Keflavíkflugvöll eða öfugt.

Má sjá þessa nokkuð skyndilegu og afgerandi þróun á mynd 7 að neðan. Árið 2019 voru skiptifarþegar um Faxaflóahafnir tæplega 18 þúsund og 9% farþegafjölda. Í fyrra voru þeir ríflega 51 þúsund og á þessu ári eru boðuð farþegaskipti rúmlega 85 þúsund. Þrátt fyrir þá vænta fjölgun skiptifarþega á milli ára nú er hlutfall þeirra þó álika í fyrra og á þessu ári, eða 30% og 28%, en von er á mun fleiri farþegum í heild á þessu ári.

Mynd 7 - Fjöldi skiptifarþega (í þús.) og hlutfall þeirra hjá skemmtiferðaskipum í Faxaflóahöfnunum 2019 og 2022-23 (áætlun)

